

Sp. 281. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]
um rannsóknir á loðnugöngum.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að láta rannsaka og fylgjast með loðnugöngum að landinu og með ströndum fram.

Greinargerð.

Ekki mun vera fylgzt með göngum loðnunnar á sama hátt og sildarinnar.

Loðnan gengur að líkindum austan úr hafi upp undir suðausturströndina. Þetta er þó engan veginn rannsakað til fulls. Margir telja, að aðalgöngurnar séu þrjár.

Loðnuveiði er nú þegar hafin og afli verulegur. Það væri mikið hagræði fyrir fiskiflotann að fá upplýsingar um loðnugöngur frá degi til dags.

Æskilegast væri að gera út rannsóknarleiðangur tveggja skipa. Í fyrsta lagi rannsóknarskip, sem annaðist skipulegar rannsóknir. Og í annan stað veiðiskip, sem fylgdist með því, hvenær hægt væri að hefja veiðar, og tilkynnti veiðiflotanum um það.